

Snæfellsbær

Ársreikningur

2018



Snæfellsbær
Klettsbúð 4
360 Hellissandur
Kt. 510694-2449

Snæfellsbær

Ársreikningur

2018

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	1-2
Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5-6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-27
Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagsl. uppl.	28

Áritun óháðs endurskoðanda

Til bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Snæfellsbæjar fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Snæfellsbæjar á árinu 2018, efnahag hans 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Snæfellsbæ í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Bæjarstjórn og bæjarstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu bæjarstjórnar og bæjarstjóra og yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu bæjarstjórnar og bæjarstjóra sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það sé verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjórnar og bæjarstjóra sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil sveitarfélaga. Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber bæjarstjórn og bæjarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á áliti okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa bæjarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Snæfellsbær, 9. maí 2019

Deloitte ehf.


Hólmgrímur Bjarnason

endurskoðandi

Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Ársreikningur Snæfellsbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum og þeim breytingum sem á þeim hafa orðið frá fyrra ári.

Starfseminni er skipt í A-hluta annars vegar og B-hluta hins vegar. Til A-hluta (sveitarsjóður) telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B-hluta eru fyrirtæki sem eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar sem eru: Félagsheimilið Klífi, Félagsheimilið Röst, Veitustofnanir Snæfellsbæjar, Hafnarsjóður Snæfellsbæjar, Húsnæðisnefnd Snæfellsbæjar, Leiguíbúðir með hlutareign og Dvalarheimilið Jaðar.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu um 2.511 milljónum króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 2.280 milljónum króna. Rekstrartekjur A-hluta námu um 1.996 milljón króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 1.807 milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð að fjárhæð um 125 milljónir króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 23 milljónum króna jákvæðri afkomu. Rekstrarafkoma A hluta var jákvæð að fjárhæð 52 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri afkomu um 5 milljónir króna. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 3.507 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé A hluta 2.672 milljónum króna.

Hlutfall reglulegra tekna af heildarskuldum og skuldbindingum er 51,46% hjá sjóðum A-hluta, en var 62,44% árið 2017, og 51,63% í samanteknum ársreikningi en var 69,49% árið 2017. Skv. 64. gr. 2. málsg. sveitarstjórnarlaga á þetta hlutfall ekki að vera hærra en 150%.

Íbúafjöldi í Snæfellsbæ 1. desember 2018 var 1.679 og var fjölgun um 42 einstakling frá fyrra ári.

Í samræmi við lög um ársreikninga birtir sveitarfélagið yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar. Framangreindar upplýsingar eru settar fram í fylgiskjali við ársreikninginn, *Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagsleg upplýsingagjöf*.

Ársreikningur Snæfellsbæjar fyrir árið 2018 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Snæfellsbær, 11. apríl 2019

Bæjarstjóri:



Bæjarráð:

Júníana Þörg Ottarsd.
Róau Ólaf
Frída Sveinsdóttir

Ársreikningur Snæfellsbæjar fyrir árið 2018 hefur hlotið afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Snæfellsbær, 9. maí 2019

Bæjarstjórn:

Þóttl. Hilmarson
Andrú Kjartansdóttir
Frída Sveinsdóttir

Júníana Þörg Ottarsd.
Róau Ólaf
Michael Erlingsson
Jónsdóttir Sigrún

Rekstrarreikningur ársins 2018

Skýr	Sveitarsjóður			A og B hluti			
	2018	Áætlun 2018	2017	2018	Áætlun 2018	2017	
Skatttekjur án framlags jöfnunarsjóðs	3	1.213.225	1.115.800	1.084.694	1.213.225	1.115.800	1.084.694
Framlög úr jöfnunarsjóði	3	505.659	470.130	522.070	505.659	470.130	522.070
Þjónustutekjur	3	247.651	197.245	239.841	750.880	665.722	665.829
Endurgreiðslur	3	28.513	22.765	28.981	28.513	22.765	28.981
Aðrar tekjur	3	795	1.000	562	13.048	5.835	12.670
Tekjur		1.995.844	1.806.940	1.876.147	2.511.326	2.280.252	2.314.243
Skattar og önnur opinber gjöld		(27.262)	(25.560)	(22.295)	(41.363)	(41.017)	(35.409)
Laun og annar starfsmannakostnaður	4	(1.017.369)	(1.015.770)	(955.845)	(1.228.732)	(1.226.988)	(1.153.388)
Breyting lífeyrisskuldbindingar	4	(140.830)	(40.000)	(72.719)	(140.830)	(40.000)	6.146
Annar rekstrarkostnaður		(432.755)	(411.965)	(413.349)	(568.028)	(561.898)	(534.633)
Styrkir og framlög		(228.262)	(242.065)	(203.283)	(207.102)	(222.065)	(178.447)
		(1.846.478)	(1.735.360)	(1.667.492)	(2.186.055)	(2.091.968)	(1.895.731)
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir		149.366	71.580	208.655	325.270	188.284	418.513
Afskriftir varanlegra fastafjármuna	8	(69.464)	(60.340)	(59.036)	(127.138)	(114.600)	(113.063)
Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði		79.901	11.240	149.619	198.132	73.684	305.450
Fjármunatekjur	5	34.733	32.400	28.995	18.270	18.363	18.183
Fjármagnsgjöld	6	(63.124)	(48.300)	(41.543)	(91.068)	(69.129)	(60.758)
Rekstrarafkoma ársins		51.511	(4.660)	137.071	125.334	22.918	262.875

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir	Skýr.	Sveitarsjóður		Samantekinn ársreikningur	
		31.12.2018	31.12.2017	31.12.2018	31.12.2017
Fastafjármunir					
Varanlegir rekstrarfjármunir					
Ljósleiðari	8	0	49.954	0	49.954
Fasteignir, lóðir og lendur	8	2.411.420	2.162.861	3.022.323	2.790.588
Veitukerfi	8	0	0	382.482	394.510
Hafnarmannvirki	8	0	0	689.759	661.873
Gatnakerfi	8	372.544	375.141	372.544	375.141
Áhöld og tæki	8	140.817	110.402	176.755	141.450
		<u>2.924.781</u>	<u>2.698.359</u>	<u>4.643.863</u>	<u>4.413.517</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur					
Eignarhlutir í félögum	9	305.955	302.435	306.000	302.480
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki B		610.971	608.566	0	0
Aðrar langtímakröfur	10	281	1.283	281	1.283
		<u>917.206</u>	<u>912.284</u>	<u>306.280</u>	<u>303.762</u>
		<u>3.841.987</u>	<u>3.610.642</u>	<u>4.950.143</u>	<u>4.717.279</u>
		Fastafjármunir			
Veltufjármunir					
Vörubirgðir		0	0	468	374
Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur	11	110.714	89.117	135.658	107.411
Næsta árs afb. langtímakrafna		16.160	15.714	482	530
Aðrar skammtímakröfur	11	43.583	39.378	43.583	39.378
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki B		849	0	0	0
Handbært fé	11	199.283	114.774	318.334	206.828
		<u>370.589</u>	<u>258.982</u>	<u>498.526</u>	<u>354.520</u>
		<u>4.212.576</u>	<u>3.869.625</u>	<u>5.448.670</u>	<u>5.071.800</u>
Eignir					

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr.	Sveitarsjóður		Samantekinn ársreikningur	
		31.12.2018	31.12.2017	31.12.2018	31.12.2017
Eigið fé og skuldir					
Eigið fé	12				
Eigið fé		2.672.147	2.549.836	3.507.085	3.310.952
		<u>2.672.147</u>	<u>2.549.836</u>	<u>3.507.085</u>	<u>3.310.952</u>
Skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbinding	13	424.636	407.643	435.500	419.418
Skuldbindingar		<u>424.636</u>	<u>407.643</u>	<u>435.500</u>	<u>419.418</u>
Langtímaskuldir					
Langtímalán	14	772.947	546.876	1.159.324	933.864
Búseturéttur	15	0	0	25.608	24.802
Langtímaskuldir		<u>772.947</u>	<u>546.876</u>	<u>1.184.932</u>	<u>958.665</u>
Skammtímaskuldir					
Viðskiptaskuldir	16	56.873	68.901	63.814	82.006
Næsta árs afborganir langtímaskulda	16	118.007	117.838	131.212	141.706
Næsta árs afborganir lífeyrisskuldbindinga	13	18.787	60.292	19.255	62.532
Skuldir við eigin fyrirtæki B		55.646	33.803	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	16	93.533	84.435	106.871	96.520
Skammtímaskuldir		<u>342.846</u>	<u>365.269</u>	<u>321.153</u>	<u>382.764</u>
Skuldir og skuldbindingar		<u>1.540.430</u>	<u>1.319.789</u>	<u>1.941.584</u>	<u>1.760.848</u>
Eigið fé, skuldir og skuldbindingar		<u>4.212.576</u>	<u>3.869.625</u>	<u>5.448.670</u>	<u>5.071.800</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2018

	Skýr.	Sveitarsjóður			Samantekinn ársreikningur		
		2018	Áætlun	2017	2018	Áætlun	2017
Rekstrarhreyfingar							
Rekstrarafkoma ársins		51.511	(4.660)	137.071	125.334	22.918	262.875
Afskriftir	8	69.464	60.340	59.036	127.138	114.600	113.063
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	13	140.830	20.000	72.719	139.981	29.550	(6.146)
Verðbætur af skuldum og eignum		30.046	38.300	10.358	43.031	54.250	18.791
Veltufé frá rekstri		291.851	113.980	279.184	435.484	221.318	388.583
Vörubirgðir, breyting		0	0	0	(94)	(3.100)	27
Óinnheimtar tekjur, (hækkun) lækkun	11	(21.597)	0	6.638	(28.248)	0	(555)
Aðrar rekstrart. eignir lækkun (hækkun)	11	(4.206)	10.000	(3.307)	(4.206)	10.000	(3.307)
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar	13	(165.343)	0	(16.653)	(165.343)	0	(18.146)
Rekstrart. skuldir hækkun (lækkun)	16	(2.931)	15.000	23.818	(9.674)	13.000	33.802
Handbært fé frá rekstri		97.775	138.980	289.682	227.920	241.218	400.404
Fjárfestingahreyfingar							
Afborganir langtímaverðbréfa		1.090	600	524	1.090	600	524
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfj.	8	(225.086)	(244.500)	(369.939)	(368.932)	(446.900)	(534.918)
Keypt fjárfestingaverðbréf		(3.520)	(11.000)	(4.400)	(3.520)	(11.000)	(4.400)
Framlag ríkis vegna hafnarmannvirkja		0	0	0	82.247	113.000	0
Langtímakr. við eigin fyrirtæki, breyting		(3.748)	32.438	27.626	0	0	0
		(231.263)	(222.462)	(346.189)	(289.114)	(344.300)	(538.794)
Fjármögnunarhreyfingar							
Afborganir langtímaskulda		(132.348)	(160.000)	(123.950)	(156.608)	(181.700)	(143.918)
Nýjar langtímaskuldir		328.502	250.000	120.000	328.502	250.000	220.000
Skammtímakrafa á B hluta breyting		21.844	0	24.028	0	0	0
Breyting hlutaréttur		0	0	0	806	0	7.092
		217.998	90.000	20.078	172.700	68.300	83.175
Hækkun (lækkun) handbærs fjárs		84.509	6.518	(36.430)	111.506	(34.782)	(55.215)
Handbært fé í upphafi árs		114.774	114.774	151.203	206.828	206.828	262.043
Handbært fé í lok árs		199.283	121.292	114.774	318.334	172.046	206.828

Skýringar

1. Starfsemi

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B-hluta. Til A-hluta telst sveitarsjóður, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða eignasjóð og þjónustumiðstöð.

Til B-hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B-hluta eru: Hafnarsjóður, Félagsheimilið á Klifi, Félagsheimilið Röst, Veitustofnanir, Húsnæðisnefnd, Dvalarheimilið Jaðar og Leiguíbúðir með hlutareign.

Ársreikningur Snæfellsbæjar fyrir árið 2018 hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs og samantekinn ársreikning A- og B -hluta.

Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar fyrir árið 2018 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningsskil sveitarfélaga. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Ársreikningur sveitarsjóðs

Ársreikningur sveitarsjóðs tekur til Aðalsjóðs, Eignasjóðs og Þjónustustöðvar. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda sveitarsjóð færð út.

Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til sveitarsjóðs og B-hluta fyrirtækja: Hafnarsjóður, Félagsheimilið á Klifi, Félagsheimilið Röst, Veitustofnanir, Húsnæðisnefnd, Dvalarheimilið Jaðar og Leiguíbúðir með hlutareign. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður á milli sveitarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn eru jöfnuð út.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili þegar þær eiga sér stað.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattgildi, svo sem lóðarleiga.

Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra.

Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili þegar hann fellur til.

Niðurfærslur eigna

Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammttímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á árinu er færð í rekstrarreikning.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur þeim muni nýtast í rekstrinum og unnt er að meta kostnað vegna þeirra með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði, en það samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eignunum í tekjuhæft ástand.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti, og bókfært virði þeirra uppfært ef endurmetið verð þeirra er 5% umfram bókfært verð, sbr. álit reikningsskila og upplýsinganefndar 2/2010. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárreikning.

Afskriftir eru reiknaðar af stofnverði varanlegra rekstrarfjármuna að frádregnum framlögum til þeirra og gjaldfærðar línulegri afskrift á áætluðum nýtingartíma eignanna. Afskriftatími eigna hefst þegar þær eru teknar í notkun. Ef rekstrarfjármunur er enn í notkun eftir að afskriftartíminn er á enda, er skilið eftir niðurlagsverð sem samsvarar eins árs afskrift, en þó ekki meira en sem svarar til 10% af stofnverði. Áætlaður nýtingartími eignanna greinist þannig:

Fasteignir	50 ár
Lóðir og lönd vegna skipulags	50 ár
Gatnakerfi	50 ár
Veitukerfi	50 ár
Aðrar eignir	5 til 30 ár

Eignarhlutar í félögum

Eignarhlutar sveitarsjóðs í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði í ársreikningi sveitarsjóðs og ekki er færð hlutdeild í afkomu þeirra í reikningsskilum hans þar sem fyrst og fremst er verið að draga fram ráðstöfun skatttekna í ársreikningi sveitarsjóðs.

Eignarhlutar B hluta fyrirtækja í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar eins og lánakjör segja til um. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar á meðal veltufjármuna. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanefndum við innheimtu þeirra, sbr. kafla hér frammar um niðurfærslu eigna.

Birgðir

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand.

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar í efnahagsreikning ef líklegt þykir að sveitarfélagið verði fyrir útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð meðal skuldbindinga í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun bæjarfélagsins fyrir árið 2018 er birt sem samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi, yfirliti um sjóðstreymi og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

Skýringar

3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	Sveitarsjóður		
	2018	Fjárhags- áætlun 2018	2017
Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs			
Útsvör.....	1.020.301	929.800	909.435
Fasteignaskattur.....	148.961	141.000	134.835
Lóðarleiga.....	43.963	45.000	40.424
	<u>1.213.225</u>	<u>1.115.800</u>	<u>1.084.694</u>
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga			
Framlag vegna fasteignagjalda.....	78.644	68.600	65.227
Almennt grunnskólaframlag.....	190.109	178.600	160.243
Framlag vegna sérþarfa barna.....	9.450	6.750	10.800
Aukaframlag.....	0	0	3.260
Framlag vegna nýbúa.....	5.980	5.980	5.720
Útgjaldajöfnunarframlag.....	221.477	210.200	276.819
	<u>505.659</u>	<u>470.130</u>	<u>522.070</u>
Aðrar tekjur			
Þjónustutekjur.....	247.651	197.245	239.841
Endurgreiðslur.....	28.513	22.765	28.981
Aðrar tekjur.....	795	1.000	562
	<u>276.959</u>	<u>221.010</u>	<u>269.384</u>
Rekstrartekjur samtals.....	<u>1.995.844</u>	<u>1.806.940</u>	<u>1.876.147</u>
	Samantekinn ársreikningur		
	2018	Fjárhags- áætlun 2018	2017
Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs			
Útsvör.....	1.020.301	929.800	909.435
Fasteignaskattur.....	148.961	141.000	134.835
Lóðarleiga.....	43.963	45.000	40.424
	<u>1.213.225</u>	<u>1.115.800</u>	<u>1.084.694</u>
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga			
Framlag vegna fasteignagjalda.....	78.644	68.600	65.227
Almennt grunnskólaframlag.....	190.109	178.600	160.243
Framlag vegna sérþarfa barna.....	9.450	6.750	10.800
Aukaframlag.....	0	0	3.260
Framlag vegna nýbúa.....	5.980	5.980	5.720
Útgjaldajöfnunarframlag.....	221.477	210.200	276.819
	<u>505.659</u>	<u>470.130</u>	<u>522.070</u>
Aðrar tekjur			
Þjónustutekjur.....	750.880	665.722	665.829
Endurgreiðslur.....	28.513	22.765	28.981
Aðrar tekjur.....	13.048	5.835	12.670
	<u>792.441</u>	<u>694.322</u>	<u>707.480</u>
Rekstrartekjur samtals.....	<u>2.511.326</u>	<u>2.280.252</u>	<u>2.314.243</u>

Skýringar

3. Rekstrartekjur (framhald)

Álagningarhlutföll	2018	2017	
Útsvar.....	14,52%	14,52%	
Fasteignaskattar - íbúðarhúsnæði.....	0,44%	0,44%	A-fl.
Fasteignaskattar - opinberar byggingar.....	1,32%	1,32%	B-fl.
Fasteignaskattar - atvinnuhúsnæði og óbyggt land.....	1,55%	1,55%	C-fl.

4. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Sveitarsjóður			
	Fjárhags-			
	2018	áætlun 2018	2017	
Laun og launatengd gjöld.....	1.017.369	1.015.770	955.845	
Breyting á lífeyrisskuldbindingu.....	35.687	40.000	28.008	
Uppgjör A deildar Brúar lífeyrissjóðs.....	105.144	0	44.711	
Laun og launatengd gjöld samtals.....	1.158.199	1.055.770	1.028.565	
	Samantekinn ársreikningur			
	Fjárhags-			
	2018	áætlun 2018	2017	
Laun og launatengd gjöld.....	1.228.732	1.226.988	1.153.388	
Breyting á lífeyrisskuldbindingu.....	35.687	40.000	36.508	
Uppgjör lífeyrisskuldbindinga við ríkissjóð.....	126.072	0	46.951	
Framlög vegna uppgjors A deildar Brúar lífeyrissjóðs.....	(20.928)	0	(89.605)	
Laun og launatengd gjöld samtals.....	1.369.562	1.266.988	1.147.241	
	2018	2017	2016	2015
Stöðugildi í árslok.....	142	136	136	133

Laun bærarstjórnar og bærarstjóra námu um 37,9 milljónum króna 2018 en 36,5 milljónum króna 2017.

Skýringar

5. Fjármunatekjur

	Sveitarsjóður		
	2018	Fjárhags- áætlun 2018	2017
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	4.237	3.500	3.434
Vaxtatekjur af skuldabréfaeign	19.929	17.900	14.497
Innheimtukröfur	3.405	2.500	2.547
Arður af hlutabréfaeign	6.040	7.400	7.395
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum	1.123	1.100	1.123
	34.733	32.400	28.995
	Samantekinn ársreikningur		
	2018	Fjárhags- áætlun 2018	2017
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	7.424	4.700	6.789
Vaxtatekjur af skuldabréfaeign	152	2.550	221
Innheimtukröfur	3.405	2.500	2.547
Arður af hlutabréfaeign	6.040	7.400	7.395
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum	1.249	1.213	1.231
	18.270	18.363	18.183

6. Fjármagnsgjöld

	Sveitarsjóður		
	2018	Fjárhags- áætlun 2018	2017
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	59.783	45.500	38.654
Önnur vaxtagjöld	3.341	2.800	2.889
	63.124	48.300	41.543
	Samantekinn ársreikningur		
	2018	Fjárhags- áætlun 2018	2017
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum	179	316	172
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum	78.080	60.250	57.013
Verðbætur	8.743	5.500	0
Önnur vaxtagjöld	4.066	3.063	3.572
	91.068	69.129	60.758

Skýringar

7. Rekstur málaflokka og fyrirtækja í samanburði við fjárhagsáætlun

Rekstur málaflokka greinist þannig:

	Ársreikningur 2018				Ársreikningur
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Áætlun	2017
Skatttekjur	0	1.718.884	1.718.884	1.585.930	1.606.763
Félagsþjónusta	180.651	12.828	(167.823)	(127.340)	(134.587)
Fræðslu- og uppeldismál	875.422	61.498	(813.924)	(828.225)	(775.443)
Menningarmál	67.897	9.432	(58.465)	(59.010)	(57.259)
Æskulýðs- og íþróttamál	218.358	29.289	(189.068)	(192.250)	(189.856)
Brunamál og almannavarnir	25.442	204	(25.238)	(26.720)	(21.395)
Hreinlætismál	42.068	25.395	(16.672)	(17.085)	(14.520)
Skipulags- og byggingarmál	72.129	4.114	(68.015)	(57.890)	(43.171)
Umferðar- og samgöngumál	30.774	3.550	(27.224)	(18.300)	(12.928)
Umhverfismál	38.861	254	(38.607)	(36.370)	(34.455)
Atvinnumál	36.877	20.988	(15.889)	(13.345)	(2.519)
Sameiginlegur kostnaður	160.624	31.610	(129.015)	(111.405)	(104.429)
Breyting lífeyrisskuldbindinga	141.170	0	(141.170)	(40.350)	(75.619)
Óvenjulegir liðir	1.514	0	(1.514)	(58.090)	(16.514)
Fjármunatekjur og fjármagnsgj.	63.124	90.652	27.528	28.700	26.327
Aðalsjóður samtals	1.954.912	2.008.699	53.787	28.250	150.396
A-hluta stofnanir:					
Eignarsjóður	196.208	179.392	(16.816)	(29.020)	(13.338)
Þjónustumiðstöð	57.904	72.443	14.539	(3.890)	14
Innri færslur Sveitarsjóðs	(237.118)	(237.118)	0	0	0
Sveitarsjóður samtals	1.971.905	2.023.415	51.511	(4.660)	137.071
B-hluta stofnanir:					
Hafnarsjóður	135.509	206.786	71.277	31.715	39.171
Félagsheimilið Röst	6.904	5.789	(1.115)	(2.155)	(491)
Félagsheimilið Klif	24.670	22.167	(2.503)	(7.895)	347
Dvalarheimilið Jaðar	198.167	190.897	(7.270)	(12.795)	68.653
Veitustofnanir	67.006	93.496	26.490	26.975	24.679
